

Fundur í Minjaráði Norðurlands eystra, 4. mars 2020, haldinn að Borgum, Mættir eru: Sædís Gunnarsdóttir formaður, Guðmundur Ögmundsson, Halldóra Gunnarsdóttir, Sigurður Guðni Böðvarsson, Aníta Elefsen og Steinunn María Sveinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundur hófst kl. 10.00

## FUNDARDAGSKRÁ

1. Staða stefnumótunarvinnu Minjastofnunar
2. Reglur Minjastofnunar um skráningu og uppgröft
3. Skógrækt og fornleifar – kynning á leiðbeiningariti Minjastofnunar.
4. Innviðaupbygging, staðan og hugmyndir að nýjum verkefnum
5. Hlutverk Minjaráða, reynslan eftir árið, hvað viljið þið ?

### 1. Staða stefnumótunarvinnu Minjastofnunar

Vinna við stefnumótum er komin vel á veg. Stýrihópurinn hittist síðasta föstudag og er að vinna úr gögnum sem söfnuðust saman á fundum og í könnunum. Gerð hafa verið stefnumótunardrög og svo virðist sem mikill samhljómur sé á milli svæða og mismunandi hópa. Stefnt er að því að önnur útgáfa af stefnumótunardrögum liggi fyrir fljótlega og verði send til ráðherra. Minjaráð fær ekki að lesa drögin yfir og gera athugasemdir en þau munu e.t.v. birtast í samráðsgátt. Minjavörður vonast til að stefnumótunin verði tilbúin fyrir næsta fund minjaráðs.

Rætt um að ráðið sendi inn athugasemdir í gegnum samráðsgátt og haldinn verði fundur á þeim tíma sem opið er fyrir athugasemdir. Óljóst hversu langan tíma málið mun vera hjá ráðherra en gert er ráð fyrir næsta fundi minjaráðs í byrjun júní samkvæmt fundaskipulagi. Minjavörður mun halda minjaráðsfulltrúum upplýstum um gang mála.

Umræða um orðalag við gerð stefnumótunar um að nota orðið menningararfur en ekki menningarminjar.

### 2. Reglur Minjastofnunar um skráningu og uppgröft

Minjastofnun hefur sett reglur um skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja og skil á gögnum þar að lútandi. Reglurnar tóku gildi 14. júní 2019. Bundnar eru vonir við að nýjar reglur skerpi á verkferlum.

Minjavörður sendi nýju reglurnar á sveitarfélögin á svæðinu. Einungis bárust viðbrögð frá fulltrúa eins sveitarfélags. Mikilvægt er að skipulagsfulltrúar og aðrir sem vinna að deilu- og aðalskipulagi kynni sér reglurnar vel. Borið hefur á því að ekki sé haft samband við Minjastofnun þegar gefin eru út framkvæmdaleyfi án þess að deiliskipulag liggi fyrir. Afar fáir fornleifafræðingar eru starfandi á Norðurlandi og ekki útlit fyrir fjölgun á næstunni.

Minjaráðsfulltrúar ræddu um að ákjósanlegt væri ef starfsmaður sem sinnti eftirlitsskyldu og skráningu vegna framkvæmda væri á launum hjá Minjastofnun og kostnaður myndi ekki lenda á framkvæmdaaðila. Þannig myndi tregðan við að upplýsa Minjastofnun um framkvæmdir minnka sem og neikvæðni í hennar

garð. Auk þess mætti með því tryggja betur faglega starfshætti. Rætt um að minjaráð sendi frá sér ályktun á næsta fundi og málið verði sérstakur dagskrárliður. Minjavörður mun vinna að drögum fram að næsta fundi.

### 3. Skógrækt og fornleifar – kynning á leiðbeiningariti Minjastofnunar.

Minjavörður fékk það verkefni að ganga frá leiðbeiningarriti vegna skógræktar og fornleifa. Ritið verður sent Skógrækt ríkisins til upplýsingar.

Skógrækt og fornleifar geta farið vel saman en gæta þarf þess að skógrækt skaði ekki fornleifar á neinn hátt. Mikilvægt að upplýsingar liggi fyrir um hvað sé á staðnum. Misbrestur á því að haft sé samband við Minjastofnun vegna framkvæmdaleyfis sem veitt er til skógræktar. Ef verkið er lítið hafa minjaverðir skoðað svæðið sjálfir og skráð en ef verkið er stórt verður fornleifaskráning að fara fram með tilheyrandi kostnaði fyrir framkvæmdaaðila. Ekki er hægt að samþykka að landeigandi skrái sjálfur heldur þarf að standa faglega að skráningunni. Skógræktin er ósátt við að Minjastofnun greiði ekki fyrir fornleifaskráningu.

Minjavörður sendir minjaráðsfulltrúum skjalið og þeir gert athugasemdir. Málið verður aftur rætt á næsta fundi en minjaráðsfulltrúar geta sent minjaverði athugasemdir í tölvupósti. Það verður einnig sent til skipulagsfulltrúa sveitarfélaganna.

Halldóra yfirgaf fundinn kl. 10:50.

### 4. Innviðaupbygging – staðan og hugmyndir að nýjum verkefnum

Styrkur fékkst fyrir Skála á Langanesi og Gásir. Gásir: 1 m. kr. í deiluskipulag fyrir Gásir og 1 m. kr. verndaráætlun. Deiluskipulagið er komið í auglýsingu. Allt svæðið er deiluskipulagt í heild.

Byggingarreitur fyrir kirkju er inni í skipulaginu, þjónustuaðstaða og geymslur. Verkefnið er unnið í samstarfi við Gásir ses..

Skálar á Langanesi: Ákveðið var að hætta við verkefnið vegna þess að styrkurinn nægði ekki til þess sem stefnt var að að vinna.

Hofstaðir: Sótt var um styrk til að stækka svæðið sem yrði deiluskipulagt en ekkert svar hefur borist frá umhverfisráðuneytinu.

Umræða á fundinum um aðra minjastaði sem hægt væri að sækja um styrk fyrir. Ekki tilteknir neinir staðir að svo stöddu. Sótt verður um styrki í haust.

### 5. Hlutverk Minjaráðs – reynslan eftir árið

Ár er liðið frá fyrsta fundi minjaráðs. Rætt um hvað minjaráðsfulltrúar eru ánægðir og óánægðir með og hvert skuli stefna.

Minjaráðsfulltrúar lýstu yfir ánægju sinni með fundarfyrirkomulag og virkni minjaráðs. Óskað eftir frekari fundargögnum fyrir fundi. Mögulega gæti Minjaráð gert sig sýnilegra og vakið athygli á starfsemi þess á svæðinu, m.a. með því að senda frá sér ályktanir. Einnig þarf að auka sýnileika Minjastofnunar og því jákvæða sem hún vinnur að. Farið yfir niðurstöður Maskínu um viðhorf til Minjastofnunar og þar kemur fram, að því betur sem fólk þekkir til stofnunarinnar þeim mun jákvæðara er viðhorf þess til hennar.

Styrkur ráðsins er ekki síst hversu fjölbreyttan bakgrunn minjaráðsfulltrúar hafa og koma frá ólíkum svæðum.

Rætt um að einn eða tveir fundir á ári yrðu nýttir til þess að fara og skoða minjastaði. Mögulega skoða Hofstaði í september. Einnig rætt um að funda á Siglufirði og skoða þar. Stefnt að því á júnífundinum, sem haldinn verður 5. júní nk.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:50.